

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla formanns á aðalfundi 24. febrúar 2015

Nýliðið ár verður sett í annála sem árið þar sem stórgos varð í Holuhrauni og Bárðarbunga seig. Þessir stórvíðburðir í Grímsvatnahreppi hafa ekki farið framhjá neinum en mælitæki á Vatnajökli hafa sjaldan spilað jafn stórt hlutverk í umbrotum og nú. Því er það svo að þó JÖRFÍ hafi ekki staðið í eldlínunni við eftirlit og mælingar hafa hús þess og aðstaða verði ákaflega mikilvæg til að fylgjast með atburðum. Um starfsemi félagsins er það að segja að veruleg umsvif voru í mælingum og vegna fjölda verkefna var vorferð lengri en vanalega. Bíll félagsins nýttist í nokkur önnur verkefni en reglubundnar ferðir og greiðslur fyrir þá vinnu hafa stutt við fjárhaginn. Nýr vefur um sporðamælingarnar leit dagsins ljós og sýnir hann svo um villst virði þess starfs við mælingu á hopi og framskiðri jökla sem Jón Eyþórsson hóf 1932 og JÖRFÍ tók yfir við stofnun félagsins árið 1950. Í fyrsta sinn í nokkur ár er nú þökkalegur afgangur af rekstri félagsins.

Á aðalfundi þann 25. febrúar var Steinunn Jakobsdóttir fundarstjóri og Finnur Pálsson fundarritari. Á fyrsta fundi eftir aðalfundinn skipti stjórnin með sér verkum og dregið var um röð varamanna. Stjórnarfundir voru mánaðarlega nema hvað engir fundir voru í júní-ágúst.

Stjórn JÖRFÍ 2014

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Valgerður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Hálf dán Ágústsson, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi.

Varastjórn:

Ragnar Þór Jörgensen, Vilhjálmur S. Kjartansson,
Guðfinna Aðalgeirsdóttir og Þóra Karlsdóttir.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanevnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Árni Páll Árnason formaður, Eiríkur Lárússon, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Sigurður Vignisson.

Skálanefnd: Ragnar Þór Jörgensen formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanevnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Lárússon, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórnar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Detrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd: Anna Línal, Ágúst Þór Gunnlaugsson, Baldur Bergsson og Guðfinna Aðalgeirsdóttir.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

Fulltrúi í SAMÚT: Björn Oddsson, Árni Páll Árnason til vara.

GJÖRFÍ-nefnd: Þóra Karlsdóttir formaður, Ástvaldur Guðmundsson og Jósef Hólmjárn.

Félagatal: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Alexander Ingimarsson og Valgerður Jóhannsdóttir.

Geymsla í Mörk: Alexander Ingimarsson.

Erlend áskrift: Björn Oddsson.

FÉLAGATAL

Skáðir félagsmenn um síðustu áramót voru alls 632. Þar af eru heiðursfélagar 16, almennir félagar 480, fjölskyldufélagar 18, námsfólk 78 og fyrirtæki, stofnanir og fréttastofur 40. Erlendir áskrifendur Jökuls eru rúmlega 50.

RANNSÓKNIR

Þær rannsóknir sem Jökklarannsóknafélagið kom að með beinum hætti á árinu voru á Vatnajökli og Mýrdalsjökli auk sporðamælinga sem unnar eru víða um land af sjálfboðaliðum.

1. *Afkomumælingar á Mýrdalsjökli.* Farin var dagsferð á Mýrdalsjökul í maí og afkoma mæld. Vegna vondrar tíðar og anna margra við eldgos í Holuhrauni og umbrot í Bárðarbungu tókst ekki að vitja um stikur í haust.

2. *Vorferð 30. maí–11. júní.* Ferðin var óvenju umfangsmikil þetta árið enda tvískipt. Fyrri hlutinn (30. maí – 7. júní) var með hefðbundnu sniði en seinni hlutinn (7. – 11. júní) var heldur fámennari og meirihluti þátttakenda vísindamenn frá nokkrum stofnunum. Þökkalega viðraði fyrri vikuna en seinna holtið hrepti frábært veður. Verkefni gengu almennt vel og tókst að ljúka öllu sem áætlað hafði verið. Unnið var að hefðbundnum verkefnum í Grímsvötnum, Bárðarbungu og víðar. Þá var unnið að rannsóknunum í Kverkfjöllum og vitjað um jarðskjálfta- og GPS stöðvar sem komið hefur verið upp á nokkrum stöðum á jöklinum, m.a. í tengslum við FutureVolc verkefnið. Sett var upp net af jarðskjálftamælum á Skeiðarárjökli í seinni ferðinni auk skjálftamælis á Bárðarbungu.

3. *Sporðamælingar.* Í byrjun febrúar höfðu skýrslur skilað sér frá 29 mælistöðum. Hop er ráðandi eins og undanfarin ár. Dauðís og lón valda sumstaðar vandræðum við mælingar, því erfitt getur verið að ákvarða með einhlítum hætti hvar jaðarinn liggur. Til lengri tíma litið jafnast slíkar óreglur þó út.

Eins og jafnan er ekki fjallað um margvíslegar jökklarannsóknir sem stofnanir hér á landi og erlendir háskólar stunda. Sumt af þeim mælingum er þó unnið með stuðningi af húsum félagsins.



Mokað frá skála í vorferð 2014. – *Clearing snow from the hut at Grímsfjall during the spring expedition.* Ljósmynd/Photo. Anna Líndal.

FUNDIR

Að venju hélt félagið þrjá almenna fundi í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á aðalfundi 25. febrúar talaði Hálf dán Ágústsson um veður á fjöllum. Fundinn sóttu um 45 manns. Á vorfundi sem haldin var 6. maí fjallaði Helgi Björnsson um leit að flugvélum úr seinni heimstyrjöld í Grænlandsjökli. Og eftir hlé sýndi Sverrir Hilmarsson myndir frá Suðurskautlandinu, en þar hefur hann verið tíð-ur gestur undanfarin ár. Rúmlega 50 manns mættu. Á haustfundi fjallaði Kristín Jónsdóttir um umbrotin í Bárðarbungu og Guðrún Larsen fjallaði um gossögu Bárðarbungukerfisins og háttarlag eldgosa þar. Fundurinn var vel sóttur.

ÚTGÁFA JÖKULS

Sextugasta og þriðja hefti Jökuls kom út í byrjun ársins. Í ritinu eru sjö ritrýndar vísindagreinar auk tæplega 40 blaðsíðna af ýmsu félagsefni, m.a. skýrslum um jöklabreytingar, gufusprengingar og hlaup úr Kverkfjöllum í ágústmánuði og frásögn Halldórs Ólafssonar af skíðagöngu yfir Vatnajökul fyrir tæpum 30 árum. Styrkja þarf fjárhag Jökuls en styrkir opinberra aðila hafa nánast horfið í efnahagsþrengingum síðustu ára. Stjórnin vinnur að því að skoða valkosti í framtíðarútgáfu Jökuls, t.d. kosti þess að vísindaefnið verði alfarið opið veftímarit o.fl. Skoðað hefur verið að tengjast einhverju hinna stóru alþjóðlegu útgáfufyrirtækja á sviði vísinda, en kostnaður við það virðist mjög hár og erfiður að kljúfa. Ritstjórnin vinnur sem fyrr ákaflega gott starf, og ljúft og skylt er að geta þess hér að umbrotsvinna Bryndísar, aðalritstjóra, sparar félaginu verulegan kostnað á hverju ári.

FRÉTTABRÉF OG VEFSÍÐA

Fréttabréfið var sem fyrr í umsjá Hálf dás. Hann sá einnig um vefsíðuna ásamt Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur.

SKEMMTIFERÐIR

Ekki ætlar það að ganga þrautalaust fyrir Jöklarannsóknafélagið að komast yfir jökulinn á Okinu. Sumarferðin á Okið, sem áætluð var fyrstu helgi júlímánaðar, varð minni en til stóð vegna mjög slæmrar veðurspár, og er það annað árið í röð sem þetta gerist. Jafnframt voru veðurútlit fyrir Vesturland það

slæmt að ákveðið var að fara í Bása í Þórsmörk og gera það besta úr risjöttri veðurspá. Sjö manns mættu og heppnaðist allt vel þó fámennt væri.

GJÖRFÍ

Gönguhópurinn GJÖRFÍ starfaði af fullum krafti. Farnar voru allmargar styttri gönguferðir í nágrenni Reykjavíkur samkvæmt dagskrá sem birst hefur í fréttabréfinu.

SKÁLAMÁL

Í Jökulheimum hélt skálanefndin áfram endurbótum. Eldhúshliðin á gamla skálanum var klædd upp á nýtt auk þess sem að nýrri skálinn var málaður, en vætu-tíð hindraði málun þess gamla. Gamla rafstöðin af Grímsfjalli sett niður í vélaskemmuni og hún tengd við húsinn. Jafnframt var farið unnið að viðhaldi og viðgerðum á rafkerfi Jökulheima. Á Grímsfjalli var unnið með Neyðarlínunni að því að koma nýju rafstöðinni í gang. Ýmsir byrjunarörðugleikar komu fram við nýju vélina en Neyðarlínumenn sáu að mestu um viðgerðir. Í haust var vélin dauð í þrjár vikur og gerði skálanefndin út leiðangur þann 9. nóvember þar sem vélin var sett í gang og hefur hún verið til friðs síðan. Einnig þurfti að skipta um rafgeymi á Grímsfjalli. Til stóð að mála og þétta alla skála á fjallinu og hófst verkið með því að vorferðin skóf veggi og gerði klárt fyrir málningu. Það fór þó svo að aldrei viðraði þokkalega til málningar þetta vætusumar. Verkið þarf því að klára næsta sumar. Sama á við um Kverkfjöll, en þar var allt unnið undir málningu en ekki tókst að mála.

BÍLAMÁL

Nýtingin á Fordinum var svipuð og undanfarin ár. Engar óvæntar bilanir komu upp á árinu en gera þurfti við slit af ýmsu tagi. Í haust var unnið að viðgerðum á boddífestingum og púðum. Tvær ferðir voru farnar þar sem greiðslur fengust fyrir afnot af bílnum og er það vel. Geymsla bílsins í bænum er ekki viðunandi og þarf að hann því að standa úti yfir veturinn. Í gangi eru þreifingar um öflugri jöklakerru sem ráði við umfang vorferðar, en ekkert hefur verið ákveðið.

SAMSTARF VIÐ LANDSVIRKJUN

Eins og fram kom í síðustu árskýrslu varð nokkur breyting á formi samstarfs félagsins við Landsvirkjun

á árinu 2013. Í stað þess að taka beinan þátt í vorferð og útvega stóran snjóbil, leggur LV fram styrk samkæmt samningi serm félagið síðan nýtir til að gera vorferðir sem best úr garði og til annarra verkefna sem tengjast jöklunum. Gengið var frá þriggja ára samningi (2014–2016) milli félagsins og Landsvirkjunar. Styrkir LV félagið um 1,8 milljónir á ári til að sinna jöklarannsóknnum og viðhalda jöklahúsum. Á móti hafi starfsmenn rannsóknadeildar LV aðgang að skálum félagsins og gögnum sem félagið safnar, s.s. varðandi sporða- og afkomumælingar auk mælinga á vatnshæð lóna sem safnað er í vorferðum.

ÁRSHÁTÍÐ

Eins og í fyrra fór Árshátíð JÖRFÍ fram í Húnabúð í Skeifunni þann 15. nóvember eftir fordrykk á Veðurstofu Íslands. Árshátíðin fór vel fram en þátttakendur voru rúmlega 50.

SPORÐAKÖST - SPORÐAMÆLINGAVEFUR JÖRFÍ

Á nýliðnu ári var smíðaður og opnaður nýr sporðamælingavefur Jöklarannsóknafélags Íslands. Vefurinn er aðgengilegur á: <http://spordakost.jorfi.is/> og geymir ýmsan fróðleik tengdan sporðamælingum félagsins. Á vefnum er m.a. yfirlit yfir sporðamælingar JÖRFÍ

frá upphafi auk ljósmynda frá sporðunum, línurit yfir hop og framgang einstakra sporða auk þess að hægt er að nálgast mæligögnin sjálf.

GRÍMSVATNAGRALLARI

Á árinu var endurútteginn Grímsvatnagrallarinn, kver með mörgum söngtextum Sigurðar Þórarinssonar, ekki síst textum hans um jöklaferðir og ýmislegt bras á vegum JÖRFÍ á fyrsta aldarjórðungi starfseminnar. Grallarinn var fyrst gefinn út í tilefni af 25 ára afmæli félagsins 1975. Sigurður taldi að hann ætti lítið erindi út fyrir félagið og verður sú ákvörðun heiðruð varðandi endurútgáfuna. Grallarinn er því aðeins til sölu innan JÖRFÍ og fer ekki í almennar bókabúðir. Í Grímsvatnagrallaranum eru mörg þeirra ljóða sem jöklafolk syngur gjarnan í ferðum auk merkra söguljóða eins og Gvendarkarga, sem er hetjuljóð í stíl Gunnarshólma Jónasar og fjallar ekki um ómerkari örlög – glímu Guðmundar Jónassonar og Sigurjóns Rists við kargann á Tungnárjökli og örlög jöklaþílsins Gusa. Þessa litlu bók þurfa allir félagsmenn að eiga og kynnast þannig sögu brautryðjendanna á Vatnajökli gegnum smellin og hómorísk ljóð Sigurðar.

Magnús Tumi Guðmundsson



Gosstöðvarnar frá 2011 í suðvesturhorni Grímsvatna, horft austur með Grímsfjalli. *The 2011 eruption site in the southwest corner of the Grímsvötn caldera.* Ljósmynd/Photo. Sjöfn Sigsteinsdóttir.